



Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra hlustaði á áhyggjur lækna á aðalfundi Læknafélagsins sem haldinn var um miðjan októbermánuð. Hann sagði í lok fundar að hann væri innilega þakklátur fyrir samtalið og skyldi reyna að gera sitt allra besta. Mynd/gag

Willum Þór í einlægu samtali við lækna á aðalfundi Læknafélagsins

Heilbrigðisráðherra sagði að auka þyrfti fjármagn svo lækna gætu endurheimt krafta sína milli vakta. Hann brást þar við orðum Ólafs Þórs Ævarssonar geðlæknis. Ólafur benti á að hann hefði ekki áður liðsinnt jafnmörgum ungum læknum vegna álags í starfi

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Fjöldi lækna reis upp og lýsti áhyggjum sínum af stöðunni innan heilbrigðiskerfisins eftir erindi Willum Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra á aðalfundi Læknafélagsins þann 14. október. Margt kom fram en meginsteifið var mönnun, fjármögnun og örmögnun.

Ráðherrann sagði í viðbrögðum sínum við fyrirspurnum lækna að spítalinn yrði líklegast innan fjárlaga þessa árs. Það komi þó ekki endilega til af góðu þó að spítalinn hafi líka staðið sig vel. Það mætti mögulega rekja eitthvað af þessu til mönnunar en það væri erfitt að átta sig á nákvæmri stöðu þar. Hann hafi því kallað eftir að mönnunarþörfin yrði greind nán-

ar svo hægt væri að leggja mat á kostnaðinn og hversu mikla fjármuni spítalinn þyrfti. „Þá veit ég betur fyrir hverju ég er að berjast,“ sagði hann.

Lækna brugðust við orðum hans. Sigurveig Pétursdóttir bæklunarlæknir gagnrýndi þau orð og sagði nóg komið af greiningum, eins og sjá má á síðu 479. Þórdís Þorkelsdóttir, formaður Félags almennra lækna, bauð aðstoð við matið. Stella Rún Guðmundsdóttir, umsjónarlæknir með sérnámi á lyflækningasviði og stjórnarmaður í Félagi almennra lækna, benti ráðherra á þau mistök sem gerð hafi verið þegar greiðslur fyrir aukavaktir hafi verið afnumdar.

„Þú talar um að greina mönnunarþörf. Við höfum gert það á okkar sviði og vitum hver hún er og hvað við þurfum marga á kvöldin. Eftir að þessar greiðslur dattu út getum við ekki mannað þessar vaktir,“ benti hún ráðherra á. Veikindin séu mikil vegna álags enda dagvaktir undir-mannaðar. Hún reyni að tryggja mönnun án þess að geta boðið neitt í staðinn. „Plís, plís mættu,“ biðji hún en starfsfólk segi nei.

„Þessar aukagreiðslur eru einföld leið til að leysa þennan vanda,“ sagði Stella. Erfitt verði að vinda ofan af gremjunni sem ákvörðunin hafi skapað gagnvart spítalanum.

Sjúkraskrárkerfið kannski ekki annað en sokkinn kostnaður

Friðbjörn Sigurðsson, krabbameinslæknir og fyrrum formaður Læknaráðs, kallaði á aðalfundinum eftir nýju sjúkrahúsi á Akureyri sem og nýju sjúkraskrárkerfi.

Heilbrigðisráðherra sagði marga tala um sjúkraskrárkerfið.

Stundum þurfi að horfast í augu við að kostnaðurinn hingað til sé sokkinn. Hann gæti þó ekki tekið þessa ákvörðun einn eða fullrytt að hún væri sú skynsamlegasta. „Þetta er risamál,“ sagði ráðherra.



Steinn Þórðardóttir, formaður Læknafélags Íslands, stýrði fyrsta aðalfundi sínum. Hann fór fram í húsakynnum Læknafélagsins þann 14. október og var vel sóttur. Sex ályktanir um margvísleg málefni sem snerta heilbrigðismál voru samþykktar á fundinum. Mynd/gag

Stolt stétt sem vill sjá lækna getið í lagatextum

„Læknastéttin er stolt stétt. Hún hefur faglegt stolt og faglega ábyrgð, en það skiptir máli að henni sé treyst,“ sagði Katrín Fjeldsted, heimilislæknir, fyrrum alþingismaður og heiðursfélagi í LÍ. Hún hefði uppgötvað á þingi að orðið læknir væri að hverfa úr lagatextum. „Í staðinn fyrir orðið læknir kom orðið heilbrigðisstarfsfólk. Það er eins og hafi ekki mátt nefna lækna.“

Katrín kallaði eftir því að ráðuneytið myndi eftir því við vinnu sína að lækna skipti heilmiklu máli. „Orðið læknir þarf að vera inni,“ sagði hún og benti á að aldrei hefði læknir orðið ráðherra. Aðeins einn ráðuneytisstjóri. „Það var Páll Sigurðsson í upphafi heilbrigðisráðuneytisins.“ Læknar ættu að vera í stjórnunarstöðum í heilbrigðisþjónustunni. Hún hrósaði því ráðherranum fyrir að velja sér lækni sem aðstoðarmann; Guðrúnu Ásu Björnsdóttur.

Ráðherra sagði við þetta tilefni að hann vissi ekki um hóp sem hefði sterkari fagvitund en lækna. Hann hvatti lækna til að finna þann rétta.



Katrín Fjeldsted talaði um stolt og sterka fagvitund. Mynd/gag

„Við þurfum viðurkenningu á að ástandið sé svona alvarlegt“

„Ég er þakklátur fyrir að þú sérð kjarnann,“ sagði Ólafur Þór Ævarsson, geðlæknir og fulltrúi Læknafélags Reykjavíkur, og dró saman erindi ráðherrans. Hvernig hann sæi að mönnunin væri of lítil, fjármagnið of lítið. Læknar skildu að framfylgja þyrfti stefnum, erfitt væri að byggja spítala og gera samninga. Nú ynni hann með óvenju marga lækna veika af álagi.

„Ég óttast að þótt það séu úrbætur í gangi og við heyrum að þú hafir aðalatriðin á hreinu; að það þurfi að gerast eitthvað meira núna,“ benti Ólafur á. Hann kom inn á íþróttamyndlíkingu eins og ráðherra notar gjarnan. „Okkur líður

ekki eins og við séum í skemmtilegum handboltaleik. Okkur líður meira eins og okkur sé hent út úr þyrilu á hæsta fjallstoppi. Annar stafurinn er brotinn og skíðin 15 ára gömul,“ sagði hann.

Læknar þyrftu því „eitthvað meira núna“ en orð. Þeir þyrftu viðurkenningu á því að ástandið væri eins alvarlegt og þeir lýstu. Öryggi sjúklinga væri stefnt í hættu. „Það er ekki eðlileg staða að ungir læknar á hátindi ferils síns hugsi um það annan hvern dag hvernig þeir geti komist hjá starfinu og hætt,“ sagði Ólafur Þór.

Ráðherra sagði að hann hefði lýst þessari stöðu fyrir ríkisstjórninni. Staðan væri býsna alvarleg.



Ólafur Þór Ævarsson benti á að staðan væri alvarlegri en áður. Mynd/gag

Ráðherrann var kominn út á mitt gólf og í kafi samræðurnar þegar leið á fundinn. Hér svarar hann Þórarni Guðnasyni varðandi það þegar láðist að framlengja bráðabirgðasamninginn við sjálfstætt starfandi sérfræðilækna og sjúklingar stóðu eftir ótryggðir. Mynd/gag

Benti á mikilvægi trausts við samningagerð

Ragnar Freyr Ingvarsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur, lagði áherslu á mikilvægi þess að það ríkti traust á milli viðsemjenda en félagið semur við Sjúkratryggingar Íslands



■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Formaður Læknafélags Reykjavíkur sagði gott að hlusta á ráðherrann tala um mála-flokkinn. „En svo sér maður fjárlögin. Það verður að lýsa yfir vissum vonbrigðum fyrir hönd sjálfstætt starfandi lækna að sjá ekki vilja ráðherrans þar,“ sagði hann.

Fundurinn ályktaði einnig um samninga við sjálfstætt starfandi lækna. Hann skoraði á stjórnvöld að ganga til samninga með raunveruleg áform um að bæta og efla þjónustu við sjúkratryggða landsmenn.

Ráðherra sagði heilbrigðiskerfið þurfa meiri innspýtingu. Hann kallaði eftir þarfagreiningu til að greina samnings-

markmiðin svo horfa mætti á það sem raunverulega er samið um; verðið, magnið, gæðin og öryggið.

Þórarinn Guðnason, fyrrum formaður Læknafélags Reykjavíkur, stóð upp og benti á alvarleika þess þegar láðist að framlengja reglugerð um greiðslur fyrir þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðilækna í tíma í september. Áhöld hafi verið um hvort sjúklingar væru sjúkratryggðir í hálfan sólarhring.

„Það eru sárindi eftir þetta og menn upplifðu að ráðuneytið hunsaði okkur sérfræðilæknana,“ sagði hann og benti einnig á að þegar samningnum var lokað árið

2015 fyrir nýliðun hafi ungir læknar ekki séð sér fært að koma heim. Læknar flytji heim af fjölskylduástæðum, en ekki þegar ákveðin staða losni á Landspítala.

„Þessi samningur við sérfræðilækna var svo dýrmætur fyrir nýliðun lækna að því leyti að hann var opin,“ sagði hann og að yfirvöld þyrftu að skilja að það verði að vera opin leið fyrir lækna að koma heim þegar fjölskyldum þeirra hentar.

Ráðherra þakkaði Þórarni og baðst afsökunar á klúðrinu í september. Hann taki ábyrgð á því enda stórmál fyrir fólkið í landinu.



Helga Ágústa Sigurjónsdóttir ritstjóri Lækna- blaðsins hvatti til meira vísindastarfs og öflugri læknadeildar. Mynd/gag

Óttast um vísindastarf spítalans

„Mikið rosalega varð ég fyrir miklum vonbrigðum þegar þú skipaðir þessa stjórn yfir Landspítala,“ sagði Helga Ágústa Sigurjónsdóttir innkirtlalæknir og ritstjóri *Lækna- blaðsins*. Hún hefði verið í hópi þeirra sem fóru á fund formanns heilbrigðisnefndar Alþingis þegar hún fór fyrir próffessoraráði Landspítala og óskaði eftir stjórn yfir spítalanum. Hún hafi ekki þá trú að þessi stjórn geti fylgt eftir þremur meginhlutverkum Landspítala: kennslu, vísindastarfi og lækningum.

„Í mínum huga er Landspítali ekki að fylgja lögum um hvað hann á að starfa við.“ Stjórnin sé ekki þannig samansett

að hún eigi auðvelt með fylgjast með því að spítalinn virði vísindastarf og kennslu. Hún vitnaði til Svíþjóðar þar sem því væri haldið á lofti að 30% hvers útskriftar- gangs lækna þyrftu að stunda vísindi til að tryggja gott heilbrigðiskerfi.

„Vísindin eru á hraðri niðurleið með knöppu fjármagni til vísinda,“ sagði hún. Án öflugra vísindastarfs þróist heilbrigð- iskerfið ekki áfram. Hún spurði einnig hvornig ætti að fjölga læknum á Íslandi. „Í dag eyðum við fullt af peningum; nemendurnir, foreldrar þeirra og íslenska ríkið til að efla erlenda háskóla til að mennta lækna okkar.“ Vilja og pólitíska

ákvörðun þyrfti til að efla læknadeildina hér á landi.

„Það er fullt af fólki sem getur kennt læknanemum. Það ríður á að setja mikið fjármagn í læknadeild Háskóla Íslands til þess að þetta unga fólk sem vill verða læknar fái að verða það og þurfi ekki að leita eftir menntun sinni erlendis,“ sagði hún og lýsti því hvornig íslenskir nemar kynnist miklu öflugri heilbrigðisstofnun- um erlendis og hefðu lítið heim að sækja. „Þau skila sér síður heim þegar þau eru búin.“



Ráðherra sagðist ætla að reyna að gera sitt allra besta

„Hvornig hefur þú það í vinnunni?“ spurði Valgerður Rúnarsdóttir, forstjóri Vogs og framkvæmdastjóri lækninga hjá SÁÁ, ráð- herrann. Valgerður spurði hvort ráðherrann sæi tækifæri til að bregðast við þeim vanda sem ræddur hafi verið á fundinum um alvar- lega stöðu heilbrigðiskerfisins.

„Við erum að tala um öryggi sjúklinga og gæði þjónustu. Það er það eina sem við viljum og það hrikur alvarlega í,“ sagði hún.

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra lagði áherslu á að ráðuneytið og læknar, heil- brigðisstarfsmenn, væru ekki andstæðingar heldur samherjar. Samræðurnar þennan dag væru dýrmætari fyrir hann.

„Ég er innilega þakklátur fyrir þetta sam- tal og skal reyna að gera mitt allra besta.“